



Fannar Örn Arnarsson  
Sjóðstjóri

## Umfjöllun sjóðstjóra

Akta Stutt Skuldabréf veitir sjóðsfélögum aðgang að dreifðu safni innlána og styttri skuldabréfa með áherslu á stöðuga ávöxtun og góðan seljanleika. Sjóðurinn fjárfestir aðallega í stuttum fastvaxta skuldabréfum, víxlum og skuldabréfum með breytilegum vöxtum.

Núverandi safn sjóðsins leggur áherslu á önnur skuldabréf og víxla fjármálafyrirtækja (14,2% af eignasafni), önnur skuldabréf og víxla (68,9% af eignasafni) og sértryggð skuldabréf fjármálafyrirtækja (15,8% af eignasafni).

Meðallíftími sjóðsins er 2,1 ár (hámark 3,5 ár). Fastvaxtaeignir eru með stuttan meðallíftíma (1,17 ár), á meðan um 59% eigna bera breytilega vexti, sem dregur úr næmni sjóðsins gagnvart vaxtahækkunum. Sjóðurinn er 100% óverðtryggður.

## Helstu upplýsingar

Rekstrarform	Fjárfestingarsjóður
Stofndagur	8.9.2022
Rekstraraðili	Akta sjóðir hf.
Stærð sjóðs	936 m.kr.
Áhættuflokkun	1 af 7
Sjóðstjóri	Fannar Örn Arnarsson
Gjaldmiðill	ISK
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Sölutímabil	9:00 - 12:00
Gengisuppreikningur	Daglega
Uppgjör	T+2
Skráning	Rafrænt hjá VS
Auðkenni	AKTASTUTT
ISIN	IS0000031953

## Þóknanir og gjöld

Innlausnargjald	0 kr.
Afgreiðslugjald við kaup	Skv. gjaldskrá vörsluaðila
Árleg umsýsluþóknun	0,65%
Gengismunur	0,0%
Viðmið	Depo Sí +0,25%
Árangurstengd þóknun	20% umfram viðmið

## Ávöxtun

Ávöxtun eftir mánuðum	
	2026
Jan.	-
Feb.	-
Mar.*	0,17%
Apr.	0,8%
Maí	-
Jún.	-
Júl.	-
Ágú.	-
Sep.	-
Okt.	-
Nóv.	-
Des.	-
Árið	


\*Ný fjárfestingarstefna sjóðsins tók gildi þann 1. mars 2026

## Vægi mótaðila

10 stærstu mótaðilar	Vægi
Eik fasteignafélag hf.	13,8%
Landsbankinn hf.	12,2%
Íslandsbanki hf.	9,0%
Inneshf.	8,7%
Útgerðarfélag Reykjavíkur hf.	8,6%
Síminn hf.	8,6%
Isnic hf.	8,6%
Fossar fjárfestingarbanki hf.	8,6%
Iceland Seafood hf.	5,2%
Reykjastræti hf.	5,2%

## Eignasafn (%)

- Innlán fjármálafyrirtækja
- Ríkisskuldabréf og víxlar
- Sértryggð skuldabréf
- Skuldabréf sveitarfélaga
- Skuldabréf og víxlar fjármálafyrirtækja



## Meðalvextir nettó

8.5%



## Meðallíftími (ár)


2.1





Fannar Örn Arnarsson  
Sjóðstjóri

### Uppsöfnuð ávöxtun frá nýrri fjárfestingarstefnu\*



Fjárfestingarheimildir	Vægi
Innlán fjármálafyrirtækja	0-100%
Skuldabréf, vixlar og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af íslenska ríkinu eða með ábyrgð þess	0-100%
Skuldabréf og aðrar skuldaviðurkenningar útgefnar af fjármálafyrirtækjum skv. lögum nr. 11/2008 um sértryggt skuldabréf	0-100%
Skuldabréf, vixlar og aðrar skuldaviðurkenningar fjármálafyrirtækja	0-100%
Önnur skuldabréf, vixlar og skuldaviðurkenningar	0-100%
Afleiður	0-30%

**Meðallíftími sjóðsins:**  
Hámarks meðallíftími sjóðsins er 3,5 ár. Ekki eru þó sérstök takmörk á meðallíftíma stakra fjárfestinga sjóðsins.

\*Söguleg ávöxtun er hvorki áreiðanleg visbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem í boði eru. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur og útbodslýsingar sjóða. Skattlagning hlutdeildarskírteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskírteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.

### Um sjóðinn

**Akta Stutt Skuldabréf**- Markmið sjóðsins er að skila stöðugri ávöxtun með áherslu á góðan seljanleika. Sjóðurinn leggur áherslu á stutt skuldabréf útgefnar af ríki, sveitarfélögum, fjármálastofnunum og tryggjum fyrirtækjum.

**Stýring** - Stýringin byggir á mati sjóðsstjóra á verðlagningu á vaxtamörkuðum í samhengi við þætti eins og seljanleika, vaxtaáhættu og fjárhagslegan styrk mótaðila.

**Virk stýring** - Hentar þeim sem vilja minni sveiflur og sveigjanleika til að eiga viðskipti með lágum tilkostnaði. Sjóðurinn hentar bæði sem hluti af dreifðu eignasafni til lengri tíma og sem skammtíma fjárfestingarkostur. Sjóðurinn er opinn öllum fjárfestum.

### Fyrirvari

**Fjárhagsleg áhætta** fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu skv. lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Vakin er sérstök athygli á að fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða er áhættusöm og getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

**Markaðsáhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni sjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, skuldabréfaverði eða láns hæfi útgefanda.

**Lausafjárahætta:** Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættalegs tímaramma.

**Rekstraráhætta:** Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

**Verðbólguáhætta:** Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

**Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánum fjármálafyrirtækja:** Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremis viðskiptanna á sér stað. Þá er bent á að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingaverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

**Stjórnálaáhætta:** Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórnvaldsákvæðana og stjórnálalegs óstöðugleika.

*Nánar er fjallað um áhættuþætti 15. kafla útbodslýsingar sjóðsins sem nálgast má á heimasíðu Akta.*